

Ed.

267. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 19. maí 1930, um skráning skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið hefir yfirumsjón með mælingu skipa og skrásetningu.

Nú vill eigandi skips tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, og skal hann þá senda beiðni um það skipaskráningarstofunni, sem getur heimilað nafntökuna. Sama er um einkarétt skipseigenda til reykháfsmerkja og annara einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Er bannað að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefir verið veittur til samkvæmt framansögðu, eða svo lík þeim nöfnum og einkennum, að villum geti valdið. Þó mega haldast óhreytt nöfn skipa, sem skrásett hafa verið áður en lög þessi ganga í gildi. Einkaréttur til skipsheitis fellur úr gildi fimm árum eftir að skip hefir fallið út af skipaskrá og eigandi heitisins ekki endurnýjað það á öðru skipi. Skipaskráningarstofan heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefir verið veittur til, og sendir lögreglustjórum landsins tilkynningar um hver áramót um breytingar, sem orðið hafa á skránni og viðauka við hana. Brot gegn einkarétti til skipanafna og einkenna varða sektum samkvæmt 24. gr.

Heimilt er ráðuneytinu að fela skipaskoðunarstjóra ríkisins að framkvæma öll þau daglegu störf, sem að endurskoðun, mælingu skipa og skrásetningu þeirra lýtur. Skal í því skyni sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist Skráningastofa ríkisins.

Skipaskoðunarstjóra skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaður við hana úr ríkissjóði af skrifstofufé skipaskoðunarinnar.

2. gr.

1. málsg. 11. gr. laganna orðist svo:

Nú telur skráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðal-skipaskrá. Ef skipið er yfir 30 smálestir brúttó, gefur skipaskráningarstjóri út þjóð-ernis- og skráningarskirteini handa skipinu, en mælingarbréf fyrir minni skip. Fari skip, sem er minna en 30 smálestir brúttó milli Íslands og annara landa, skal þjóðernis- og skráningarskirteini gefið út handa því.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.